

SKILMÁLAR OG REGLUR

1. Sendandi ábyrgist að hann sé einn höfundur og/eða höfundarréttihafi efnisins í heild sinni (að svo miklu leyti sem samningur þessi tekur til). Sendandi ábyrgist þannig að honum sé fullkomlega heimilt að framselja þau réttindi, sem samningur þessi tekur til, og að efnið sé ekki bundið af öðrum samningum sem áhrif hafa á þennan samning.
2. Sendandi ábyrgist að þættirnir innihaldi ekki efni sem kann að brjóta gegn höfundarrétti eða hugverkarétti þriðja aðila og að innt verði af hendi öll gjöld og greiðslur vegna framleiðslu þáttanna, þ.m.t. greiðslur fyrir höfundarrétt og önnur hugverkaréttindi að þáttunum. Örvarpið er ekki, og verður ekki, ábyrgt fyrir slíkum greiðslum, að frátöldum greiðslum fyrir flutning í sjónvarpi, skv. samningi Ríkisútvarpsins-Sjónvarps við STEF, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar.
3. Ef um er að ræða efni frá þriðja aðila, skal sá höfundarréttur tiltekinn sérstaklega á umsóknarformi:
 - a. TÓNLIST - undir kaflanum „Tónlistarskýrsla“ í umsóknarformi en þar skal vera upptalning á tónverkum með nöfnum tónhöfunda, flytjenda og útgefenda, sem og lengd hvers tónverks.
 - b. MYNDBAND - undir kaflanum „Myndbandskýrsla“ í umsóknarformi, en þar skal tiltaka sérstaklega ef aðrar hreyfimyndir en sendanda eru notaðar, með upptalningu á myndbandi, nöfnum myndbandahöfunda og lengd.
 - c. MYNDVERK - undir kaflanum „myndstefsskýrsla“ í umsóknarformi, en þar skal tiltaka sérstaklega ef myndverk, önnur en sendanda, eru notuð í efninu, með upptalningu á myndverkum, nöfnum myndhöfunda og lengd.
4. Efni má ekki vera lengra en 7 mínútur.
5. Öll framleiðsla, tækni- og eftirvinnsla efnis er á ábyrgð sendanda.
6. Efn skal vera sent inn á eftirfarandi format: H264, Stereo.
6. Þurfi að þýða eitthvað í myndinni skal gera sérstaklega grein fyrir því.
7. RÚV og Örvarpið hefur rétt til að sjónvarpa þáttunum viðstöðulaust á hefðbundinn hátt (VHF, MMDS, um gervihnött, IP (þ.m.t. netinu) og/eða UHF) og senda út með almennum sjónvarpsbylgjum stafrænt og/eða hliðrænt í öllum miðlum Ríkisútvarpsins, þar með talið á vef Ríkisútvarpsins, www.ruv.is, en efnið verður helst sýnt og hýst á vefsvæðinu (www.ruv.is/orvarpid).
8. Örvarpinu er heimilt að hafa þættina aðgengilega í eitt ár á vef Ríkisútvarpsins og á RÚV frelsi eftir sýningu þeirra.
9. Meti Örvarpið gæði efnisins sem svo að sjónvarpsútsending sé við hæfi er dagskrársetning og kynning á ábyrgð RÚV. Sendandi samþykkir sjónvarpsútsendingu í umsóknarformi og einnig hvort Örvarpið er heimilt að bjóða samstarfsstöðvum annars staðar á Norðurlöndum efnið til sýningar án greiðslu.
10. Myndbandið/diskurinn/skráin skal varðveitt í safni RÚV. Höfundarréttur er eftir sem áður hjá sendanda efnis.